

# FRÁ BÓKASÖFNUNUM Í ÞINGEYJARSVEIT

## Sumaropnunartími

### **Bókasafn Aðaldæla- Ýdalasafn**

verður lokað frá 9. júlí - til 13. ágúst

(að báðum dögum meðtöldum)

### **Bókasafn Reykdæla**

verður opið í sumar á mánudagskvöldum kl. 20.00 – 22.00 í  
júni og ágúst.

Lokað verður í júlí, fram til 8. ágúst.

### **Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla**

Bókasafnið í Stórutjarnaskóla verður opið einu sinni í viku, á  
þriðjudögum kl. 14:30 – 16:30, frá miðjum júní til 1. júlí og frá  
12. til 26. ágúst. Lokað frá 2. júlí út mánuðinn og til 11. ágúst.

Venjubundin opnun hefst síðan þriðjudagskvöldið 26. ágúst.

Bókaverðir

## Göngufólk á öllum aldri



Hér kemur gönguskra sumarsins á vegum  
kvenfélags Ljósvetninga. Göngurnar eru á  
þriðjudagskvöldum og lagt af stað í allar göngur kl.  
20:15 nema annað sé tekið fram. Ef göngu lýkur á  
öðrum stað en á upphafsstað verða bílar á staðnum til  
að ferja fólk til baka.

**24. júní. Óshólar.** Gengið um Óshóla niður að  
Torfhól, yfir gömlu brúna yfir Djúpa og upp á  
Krossmel. Mæting við Krossmel.,

**1. júlí. Skógar í Fnjóskadal.** Gengið frá Skógum  
yfir bogabrunna upp í trjásafn. Mæting við Skóga.

**8. júlí. Fremstafell - Barnafoss.** Mæting við  
Fremstafell 1.

**15. júlí. Kvinnabrekka Fosselsskógi.** Mæting  
sunnan við Vað.

**22. júlí. Kambsárgil.** Mæting við Brekkutún.

**29. júlí. Hrifluvegur.** Mæting við Hriflu II og  
gengið í Staðarfell. Heiða bíður upp á pallaveitingar.

Þegar líða tekur á sumar (fljótt eftir  
verslunarmannahelgi) er stefnt á að gera enn eina  
tilraun og ganga einhvern laugardag frá Krossi upp  
Krossöxl og í Sólvang. Þessi ferð verður auglýst síðar.

Allir velkomnir.

### **Geymið auglýsinguna**

Með von um gott göngusumar,

Helen s: 864-3228, Hulda s: 868-1975, Heiða s: 894-2990



## Þingeyjarsveit

### Frá sundlauginni á Laugum

Vegna skyndihjálparnámskeiðs opnar sundlaugin kl. 17:00 mánudaginn 16. júní.

Sundlaugin verður opin 17. júní frá kl. 10:00 til 14:00.

Athugið að nú verður Ræktin (efri hæð) opin í sumar frá kl. 14:00 til 18:00 alla daga.

Síminn í sundlauginni er 862-3822.



## Kaffihlaðborð



Okkar árlega Blómakaffi verður haldið sunnudaginn 15. júní í félagsheimilinu Heiðarbæ Reykjahverfi kl. 14:30-17:30.

Verð kr. 1.800 fyrir fullorðna.  
Kr. 800 fyrir 7-12 ára.  
Frítt fyrir 6 ára og yngri.

Verið hjartanlega velkomin.

Kvenfélag Reykjahrepps

## Kvennahlaup ÍSÍ.

Hlaupum frá Íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn 14.júní kl: 10.00. Þátttökugjald: 12 ára og yngri 1000.- og aðrir 1.500.-

Innifalið er bolur,verðlaunapeningur,hressing og sund.

Í ár er kvennahlaupið 25 ára og hvetjum við því konur til að halda upp á afmælið og mæta hressar í hlaupið.

Kvenfélag Reykdæla.



## Viðhald girðinga meðfram vegum í Þingeyjarsveit

Landeigendur eru minntir á að tilkynna til skrifstofu Þingeyjarsveitar í síma **464-3322** eða á netfangið [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is), þegar viðhaldi veg-girðinga er lokið.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar



## Frá skrifstofu Pingeyjarsveitar

Umgengni við timbur-, járn- og sorpgáma í Pingeyjarsveit er **verulega ábótavant**.

Skrifstofa Pingeyjarsveitar beinir því til íbúa sveitarfélagsins að ganga vel um gámasvæðin og **láta vita** á skrifstofu Pingeyjarsveitar í síma 464-3322 ef gámar eru fullir.



## Frá Vinnuskóla Pingeyjarsveitar.

Vegna aðstæðna mun Vinnuskóli Pingeyjarsveitar ekki taka að sér garðaslátt fyrir almenning í sumar.

## DALAKOFINN

Laugardaginn 14. júní verður opið til miðnættis, Bjarki Hall trúbador mun syngja og spila.

**17.júní verður kaffihlaðborð frá kl.15-17** verð 1800 kr fyrir fullorðna og 900 kr fyrir börn.

Opið alla daga frá 9.00- 22.00

Verið ávallt velkomin!

Dalakofinn / Útibú ehf. [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)

s. 464-3344



## Aldar afmælisýning HSP

Sunnudaginn 15. júní kl.14:00 opnar aldar afmælisýning HSP í Safnahúsinu á Húsavík.

HSP er sameinað félag Ungmennasambands Norður-Pingeyinga og Héradssambands Suður-Pingeyinga.

Sýningin verður opin alla daga frá kl.10-18, en hún stendur frá 15. júní - 28. júlí.

Allir hjartanlega velkomnir.

## Elska– sýning á Húsavík.

Einleikurinn Elska, eftir Jennýju Láru Arnórsdóttur, var sýndur við góðar viðtökur í sveitarfélögum Þingeyjarsýslna fyrir jólin 2013 og á Café Rosenberg í janúar 2014. Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að sýna eina sýningu í Sjóminjasafninu á Húsavík þann 12. Júní kl. 20:00.

**Athugið að aðeins verður þessi eina sýning.**

Miðaverð 2.000 kr. – Enginn posi er á staðnum  
Miðapantanir á hrafnstjarna@gmail.com / s: 8476921

Verkefnið var unnið með styrk frá Aftur heim.



## Verzlunin Vaglaskógi

Búið er að opna sjoppuna í Vaglaskógi. Opið verður frá kl. 10 – 19 alla daga nema föstudaga og laugardaga þá verður opið frá kl. 10 – 22.

Á boðstólnum verður ís, sælgæti, pylsur, samlokur, matvörur, kaffi og tóbak. Tilvalið að njóta veðurbliðunnar í skóginum og fá sér ís eða kaffi á pallinum hjá okkur.

**Hlökkum til að sjá ykkur  
Dællissystkinin Sigríður og Steinþór.**

P.s.

Flóamarkaðurinn í Dæli er opin allan daga í sumar frá kl. 13 – 17.

Þar sem Einir Viðar Björnsson sækir um sem forsvarsmaður fyrir Einishús ehf. um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistinga í Einishúsum, Einir er með rekstrarleyfi fyrir fjórum sumarhúsum og sækir hér um fyrir fimmta sumarhúsinu.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.*

### 6. Samstarfssamningur:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga þar sem leitað er eftir aðild sveitarfélagsins um aukna samvinnu og þróunarverkefni á skilgreindum sviðum nýsköpunar, tækni- og atvinnuþróunar. Sérstaklega er horft til verkefna sem nýtt geta orkuauðlindir svæðisins til hvers konar framleiðslu, ræktunar og eldis. Leitað er eftir aðild þriggja sveitarfélaga, auk Þingeyjarsveitar eru það Norðurþing og Skútustaðahreppur.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og tilnefnir sveitarstjóra sem tengilið.*

Í lok fundar þakkaði oddviti, Ólína Arnkelsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúum og sveitarstjóra fyrir gott samstarf á liðnu kjörtímabili og óskaði nýkjörinni sveitarstjórn velfarnaðar í störfum á komandi kjörtímabili. Ólína hefur starfað sem oddviti í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samfellt frá árinu 2008. Varaoddviti, Arnór Benónýsson þakkaði einnig sveitarstjórnarfulltrúum samstarfið. Þá þakkaði Arnór, fyrir hönd sveitarstjórnar og sveitarstjóra, Ólínu störfina í gegnum tíðina og óskaði henni alls hins besta.

### a. Til kynningar:

Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30



## Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00  
Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veðiðleyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar  
sími 464 3903  
www.heidarbaer.is  
Seljum Veðikortið og Útilegukortið



## FUNDARGERÐ

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar  
147. fundur  
í Kjarna fimmtudaginn 5. júní kl. 13:00

### Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:
3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ljósvefningabúð:
4. Samstarfssamningur:

### Til kynningar:

- a. Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 4. lið; Endurnýjun og breyting á rekstrarleyfi – Sveitarsetrið Draflastaðir ehf., undir 5. lið; Breyting á rekstrarleyfi – Einishús ehf. og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.  
*Samþykkt samhljóða.*

### 2. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:

Lagt fram aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður 10. júní n.k.  
*Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Pingeyjarsveitar á fundinum.*

### 3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ljósvefningabúð:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 28. maí s.l. þar sem Dagbjört Jónsdóttir sækir um sem forsvarsmáður fyrir Pingeyjarsveit um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu veitingu veitinga í félagsheimilinu Ljósvefningabúð í Pingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.*

### 4. Endurnýjun og breyting á rekstrarleyfi – Sveitarsetrið Draflastaðir ehf.:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 3. júní s.l. þar sem Sigurður Arnar Jónsson sækir um sem forsvarsmáður fyrir Sveitarsetrið Draflastaðir ehf. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga á Sveitarsetrinu Draflastaðum í Fnjóskadal í Pingeyjarsveit. Sigurður sækir einnig um rekstrarleyfi á heimagistingu sem hann hefur ekki verið með.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun og breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.*

### 5. Breyting á rekstrarleyfi – Einishús ehf.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 5. júní s.l.

## Opnunartími og viðburðadagatal

Frá og með 6. júní -31. ágúst verður Mývatnsstofa opin alla daga frá kl. 7.30-18.00

Þeir sem eru að skipuleggja viðburð og vilja koma honum á framfæri á viðburðadagatali heimasíðunnar

[www.visitmyvatn.is](http://www.visitmyvatn.is) vinsamlegast sendið tölvupóst með upplýsingum og mynd á [info@visitmyvatn.is](mailto:info@visitmyvatn.is)



Sumarkveðjur, starfsfólk Mývatnsstofu ehf.



## Aðalfundur Skógræktarfélags Suðurlands - Pingeyinga

verður haldinn í Ljósvefningabúð, miðvikudagskvöldið 18. júní og hefst kl. 20:30.

Að fundi loknum eru kaffiveitingar og síðan verður Fellskógur skoðaður undir leiðsögn Ólafs Ingólfssonar.

**Allir hjartanlega velkomnir**  
Stjórnin



## Ungmennafélagið Bjarmi

**Leikjanámskeið** fyrir 4 ára til 12 ára börn hefst 16. júní og verður á mánudagskv. kl. 20:00 á Bjarmavelli. Námskeiðsgjald er 1500 kr. á barn. Öll börn velkomin.

**Hjóladaðag:** Fimmtud. 24. júlí, lagt af stað frá Illaugastöðum, hjólað út að vestan. Fimmtud. 21. ágúst, lagt af stað frá Mörk kl. 20:00 og endað á Bjarmavelli á Bjarmahátíð.

**Fótbolti** fyrir 12 ára og eldri verður á Bjarmavellinum á sunnudagskvöldum og miðvikudagskvöldum kl. 20:30.

**Frjálsíþróttæfingar** verða á Laugum tvisvar í viku fyrir öll aðildarfélag HSP, sjá hsth.is.

*Gott að vita !!*

Landsmót 50+ verður á Húsavík helgina 20. – 22. júní. HSP verður 100 ára á árinu og hvetjum við alla til þess að mæta sem keppendur, sjálfboðaliðar eða stuðningsmenn.

16. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 1.-3. ágúst. Allar upplýsingar um landsmótið er að finna á umfi.is. Frjálsíþróttaráð HSP sér um skráningar á ULM sjá hsth.is

Fjögurraskógahlaup Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldið 26. júlí. Markið er á Bjarmavelli.

Fjöll verkefni UMFÍ „Fjölskyldan á fjallið“ á svæði HSP eru Eyjan í Ásbyrgi og Gunnólfsvíkurfjall á Langanesi.

Vinnustund og kvöldkaffi á Bjarmavelli verður fimmtudagkvöldið **26. júní kl. 20:00**. Margar hendur vinna létt verk.

Hægt er að leigja tjaldstæði á Bjarmavelli fyrir ættarmót og aðra hópa, uppl. gefur Birna í síma 8483547 og birnada@simnet.is

Stjórnin hvetur fólk til að hreinsa rusl meðfram vegum í sinni landareign. Hreint land, fagurt land.

*Skemmtilegt að skoða:* ☺ Sundlaugar.is ganga.is hlaup.is golf.is umfi.is hsth.is fi.is isi.is euf.is Nýskipaðar nefndir Bjarma starfa frá júní 2014 til maí 2016. Þeir sem ekki geta starfað í nefndum verða að láta formenn nefnda eða stjórn vita. Formönnum nefnda er heimilt að kalla fleiri til starfa en þá sem skráðir eru.

**Maður er manns gaman ☺ Stjórn Bjarma**

### Stjórn Bjarma:

Birna Davíðsdóttir 8483547  
Jón Þ. Óskarsson 8986199  
Helen Jónsdóttir 8643228

### Varastjórn:

Þórunn Jónsdóttir  
Kristján Jóhannesson  
Ketill Tryggvason

## Nefndarskipan Bjarma 2014-2016

### Vallarnefnd:

Ketill Tryggvason, form.  
Bjarni Árdal  
Sigurður J Freygarðsson

### Knattspyrnunefnd:

Jóhannes Kristjánsson, form.  
Heiða Dís Jónsdóttir  
Steinar Karl Friðriksson  
Líney Rúnarsdóttir

### Húsnefnd:

Jón Þ. Óskarsson, form.  
Ólafur Baldvinsson  
Ósk Helgadóttir

### Ferðabjónustunefnd:

Sigríður Karlsdóttir, form.  
Helen Jónsdóttir  
Elín Eydal

### Ferðanefnd:

Sigrún Jónsdóttir, form.  
Birna Davíðsdóttir

### Íþróttanefnd:

Hólfríður Rúnarsd., form.  
Agnes Guðbergsdóttir  
Þórunn Jónsdóttir

### Spilaneftnd:

Torfhildur Sigurðardóttir, form.  
Erna Sigrún Valgeirsdóttir

### Ballneftnd:

Sigurður Freygarðsson, form.  
Gunnhildur Björnsdóttir  
Marika Alavere

23.tbl.

12.júní

2014

21. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## 17. júní hátíðarhöld á Laugum

Hátíðarhöldin fara fram á íþróttavellinum og í næsta nágrenni

Dagskrá:

**Kl. 13.00** Andlitsmálun og blöðrusala í vallarhúsi

**Kl. 13:45** Skrúðganga á íþróttavellinum

Dagskrá á vellinum

Ávarp fjallkonu

Hátíðarræða - Arnór Benónýsson

Leikir, þrautir og kerruakstur

Pylsur, svalar, gos og nammi til sölu

**Kl. 15.30** Bíósýning í gömlu innilauginni í Framhaldsskólanum á Laugum - Frosinn (Frozen) með íslensku tali (ókeyppis aðgangur)

ATH. Posi á staðnum.

Mætum öll og skemmtum okkur saman.

Umf. Efling